

Alþingi
Erindi nr. P132/1725
komudagur 21.4.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006
2006030034/42-1
JGO/

Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál - umsögn

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað þetta frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir við það.

2. gr. Gildissvið

Náttúrufræðistofnun er sammála því að gæta þurfi samræmis við framkvæmd laga um fiskrækt, um lax- og silungsveiði og laga um eldi vatnafiska. Stofnunin telur jafnframt að kveða ætti á um mikilvægi þess að gæta að lögum um náttúruvernd við framkvæmd laga um varnir gegn fisksjúkdómum, sbr. 41. gr. náttúruverndarlaga.

3. gr. Skilgreiningar

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær. Jafnframt að samræma skilgreiningar í systurfrumvörpunum fjórum. Rök fyrir þessari skoðun stofnunarinnar eru að finna í umsögnum hennar um frumvörp um lax- og silungsveiðar (607. mál) og um fiskirækt (613. mál), dags. 19. apríl 2006.

6. gr. Um innflutning skrautfiska

Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi þessa grein með hliðsjón af 41. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

